

ÁKVÖRDUN nr. 189**frá 18. júní 2003**

sem miðar að því að taka upp evrópskt sjúkratryggingakort í stað eyðublaða sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 að því er varðar aðgang að heilbrigðisaðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki eða búseturíkinu

(Texti sem varðar EES og samning ESB og Sviss)

(2003/751/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾ en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið um félagslegt öryggi farandlaunþega fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽²⁾ en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa fyrirmyndir að vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, yfirlýsingum, kröfum og öðrum skjölum sem eru nauðsynleg til beitingar á reglugerðunum,

með hliðsjón af 117. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið laga að nýrri gagnavinnslutækni fyrirmyndir að vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, yfirlýsingum, kröfum og öðrum skjölum, svo og ferli og aðferðir við sendingu gagna sem lögð eru fram til framkvæmdar reglugerðunum,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 (Stjtið. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 (Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17).

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 veita nógildandi eyðublöð einstaklingum, sem falla undir reglugerðina, rétt til að fá endurgreiddan kostnað vegna heilbrigðisaðstoðar meðan þeir dvelja tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða, þegar um er að ræða eftirlaunþega eða aðra lífeyrisþega og aðstandendur þeirra sem ekki hafa búsetu í sama aðildarríki og starfsmaðurinn, meðan þeir dvelja tímabundið í öðru aðildarríki en búseturíkinu.
- 2) Á fundi leiðtoga ráðsins í Barcelona, sem haldinn var 15. og 16. mars 2002, var ákveðið: „að Evrópska sjúkratryggingakortið kæmi í stað núverandi eyðublaða á pappírformi sem nauðsynleg eru til að fá heilbrigðisaðstoð í öðru aðildarríki. Framkvæmdastjórnin mun leggja fram tillögu í þessu skyni fyrir vorfund leiðtoga ráðsins 2003. Slíkt kort myndi einfalda alla málsmeðferð án þess að breyta gildandi réttindum og skuldbindingum“ (liður 34).
- 3) Þar eð notkun sjúkratrygginga- eða almannatryggingakorta er afar mismunandi eftir löndum skal Evrópska sjúkratryggingakortið (hér á eftir nefnt „evrópska kortið“) til að byrja með vera með því sniði að hægt sé að lesa berum augum þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að geta látið í té heilbrigðisaðstoð og endurgreitt kostnað. Þessum upplýsingum má auk þess koma fyrir á kortinu með rafrænum hætti. Notkun rafræns miðils verður enn fremur almennt tekin upp á síðari stigum upptöku evrópska kortsins.
- 4) Evrópska kortið verður að samrýmast einni fyrirmynd, sem framkvæmdaráðið skilgreinir, sem bæði ætti að auðvelda aðgang að heilbrigðisaðstoð og koma í veg fyrir ólögmda notkun kortsins, misnotkun og svik.
- 5) Stofnanir í aðildarríkjunum skulu ákvarða gildistíma evrópskra korta sem þær gefa út. Gildistími korts skal einkum taka mið af lengd þess tímabils sem fyrirhugað er að réttur hins tryggða vari.
- 6) Þegar sérstakar aðstæður koma í veg fyrir að hlutaðeigandi einstaklingur geti framvísað evrópska kortinu skal þess í stað gefa út bráðabirgðavottorð með takmarkaðan gildistíma. „Sérstakar aðstæður“ geta verið þær að korti sé stolið, það glattist eða að brottför sé með of stuttum fyrirvara til að hægt sé að verða sér úti um kort.
- 7) Framkvæmdaráðið leggur til að sameiginlega EES-nefndin og sameiginlega nefndin fyrir ESB og Sviss semji ákvarðanir með hliðsjón af því hvaða áhrif það hefur að evrópska kortið komi í stað eyðublaðanna, sem eru nauðsynleg við beitingu reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, að því er varðar aðgang að heilbrigðisaðstoð meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

l. gr.

Evrópska sjúkratryggingakortið (hér á eftir nefnt „evrópska kortið“) skal smám saman leysa af hólmi eyðublaðin sem kveðið er á um í reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 og veita rétt til endurgreiðslu kostnaðar vegna heilbrigðisaðstoðar meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu. Fjallað verður um áfanga í því ferli að skipta út eyðublaðunum í síðari ákvörðunum framkvæmdaráðsins um félagslegt öryggi farandlaunþega.

2. gr.

1. Gildistími evrópska kortsins er ákvarðaður hjá útgáfustofnun þess.
2. Viðkomandi stofnun á dvalarstað fær endurgreiddan kostnað vegna heilbrigðisaðstoðar, sem er veitt á grundvelli gilds korts, í samræmi við gildandi ákvæði.

3. gr.

Gefa má út evrópska kortið annaðhvort sem sérstakt kort eða á bakhlið sjúkratryggingakorts eða -korta sem þegar eru til í aðildarríkjunum.

4. gr.

Evrópska kortið skal vera persónukort gefið út á nafn korthafa.

5. gr.

Þegar sérstakar aðstæður koma í veg fyrir að hinn tryggði geti framvísað evrópska kortinu skal í þess stað gefa út bráðabirgðavottorð með takmarkaðan gildistíma.

6. gr.

1. Evrópska kortið og bráðabirgðavottorðið, sem kemur í þess stað, skulu samrýmast einni fyrirmynd sem fullnægir þeim eiginleikum og forskriftum sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdaráðsins um félagslegt öryggi farandlaunþega.

2. Evrópska kortið skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- kenninafn og eiginnafn korthafa,
- kennitala korthafa eða, þegar slíkt númer er ekki til, númer hins tryggða sem réttindi korthafa byggjast á,
- fæðingardag korthafa,
- dagsetningu þegar gildistíma kortsins lýkur,
- ISO-kóða aðildarríkisins sem gefur út kortið,
- kennitala og upphafsstafoerð lögbærrar stofnunar,
- sérnúmer kortsins.

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar.

Fyrir hönd framkvæmdaráðsins,

Theodora TSOTSOROU

Formaður framkvæmdaráðsins.